

## AUGLÝSING

59

28. ágúst

um

**samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um haffæri skipa og skipbúnað.**

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnland, hans hátign konungur Noregs, hans hátign konungur Svíaríkis: hafa með því að norrænu ríkin hafa komið á hjá sjer gagngjörðu og fyllilega tímabæru eftirliti með skipum, bygðu á mjög líkum og að sömu leyti sameiginlegum verklegum tilskipunum, og eftir að fulltrúar nefndra ríkja höfðu átt fund með sjer í Kaupmannahöfn og þá gengið úr skugga um, að lagaákvæði þessara landa og stjórnarráðstafanir gjöri því nægilega skil, sem nú á tímum ber að krefjast, til að trygt sje eftirlit með haffæri skipa, ákveðið að gjöra samning um algjörða og gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðunum þeim og skírteinum, er þau hafa sett og látið frá sjer fara, um eftirlit með haffæri skipa og skipabúnað, í þeim tilgangi

að greiða fyrir amgöngum á sjó milli samningsríkjanna og að efla samvinnu samningsríkjanna með tilliti til frekari viðgangs alþjóðákvæða, er viðurkend eru á þessu sviði, og hafa til þessa skipað sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Fyrir Ísland: herra Jón Krabbe, stjórnarfulltrúa Íslands í Kaupmannahöfn, trúnaðarmann í Utanríkisráðuneytinu;

Fyrir Danmörku: herra Carl Poul Oscar Moltke greifa, utanríkisráðherra sinn;

Forseti lýðveldisins Finnland:

herra Eduard Hjalmar Palin, stjórnarfulltrúa að interim lýðveldisins í Kaupmannahöfn;

Hans hátign konungur Noregs:

herra Hans Emil Huitfeldt, sjerlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Kaupmannahöfn;

Hans hátign konungur Svíaríkis:

herra Hans Joachim Beck-Friis barón, sjerlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Kaupmannahöfn;

en þeir hafa, er þeir höfðu tjáð hvor öðrum umboð sín, sem reyndust vera í góðu og rjettu formi, orðið ásáttir um samning þann, er nú greinir:

## 1. gr.

Sjerhvert samningsríkjanna viðurkennir í hvívetna tilskipanir þær, er hin ríkin, er samninginn hafa undirskrifað, hafa sett um opinbert eftirlit með haffæri skipa, bæði eftirlitsstarfið sjálft og reglur þær, er settar eru um byggingu skipa af allri gerð og stærð, innanbolstilhögum þeirra og skipbúnað.

Skip það, sem heimilisfang á í einhverju þeirra landa, er undirskrifað hafa samning þenna, og hefir meðferðis skírteini fullgilt samkvæmt lögum heimalands síns, eða jafngildar sannanir fyrir því, að skipið fullnægi tilskipunum þeim, er þar eru settar, skal því undanþegið eftirliti í hinum undirskriftarlöndunum, aðeins að því undanskildu er í 3. gr. segir.

Ákvæðið í fyrstu málsgrein þessarar greinar er eigi því til fyrirstöðu, að sjerhvert samningsríkjanna geti breytt sínum eigin tilskipunum um eftirlit með haffæri skipa.

## 2. gr.

Samningsríkin eru á einu máli um það, að skynsamlegt sje og best, tilgangsins vegna, að haga haffæriseftirlitinu með skipum, á þeim sviðum, er mjög ríður á, þannig, að bygt sje á náinni samvinnu stjórnarvaldanna og viðurkendra flokkunarfjelaga, að því tilskildu, að samvinnuskilyrðin leyfi stjórn þeirri, er í hlut á, nægilega umsjá, til þess að hún með því, geti tekið á sig ábyrgðina á því, er flokkunarfjlagið hefir lagt til málanna (sbr. að þessu leyti um farþegaskip ákvæðin í 2. málsgrein 57. greinar Lundúnarsáttmálans 20. janúar 1914, um ráðstafanir til öryggis lífi manna á sjó).

Nú hefir eitt hvert samningsríkjanna viðurkent flokkunarfjelag, og ber þá að líta svo á, að reglur þær, er fjlagið hefir sett um skip þau, er það hefir flokkað, beinlínis sjeu hluti úr tilskipunum samningsríkisins um öll þau atriði, er eigi segir um sjerstaklega í lögum ríkisins.

## 3. gr.

Hvert það skip, er hefir meðferðis góð og gild heimanlandsskírteini, eða jafngild sönnunargögn, svo sem um getur í 1. grein, skal að því er snertir það, sem gögn þessi fjalla um, einungis sæta því eftirliti af hálfu opinberra yfirvalda í höfnum hinna samningsríkjanna, sem nauðsynlegt er, til, að þau geti fullvissað sig um, að skipin hafi meðferðis skírteini þau eða sönnunargögn, sem vera ber.

Án tillits til þess er hjer segir að framan í þessari grein, er hverju samningsríkjanna rjett að gjöra ráðstafanir til að hefta burtför skips, er heima á í einhverju hinna samningslandanna, þegar stjórnarvöld þau, er í hlut eiga, fá vitneskju um, að lífi manna sje augsýnilega hætta búin, vegna þess sem ábótavant er í þeim efnun er hjer getur um, ef því er leyfð fyrirhuguð ferð.

Ávalt er burtför skips er heft, skulu stjórnarvöldin þá þegar tilkynna það ræðismanni lands þess, er skipið á heima í, svo að hann geti gjört allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni, nema skipstjórinn þegar hafi lagfært það, sem ábótavant var til að skipið sje haffært.

## 4. gr.

59

Skip þau, sem hafa ekki meðferðis þau góð og gild skirteini, er lög-<sup>28</sup> ágúst skipuð eru í heimalandinu, eða jafngild sönnunargögn, eiga ekki heimtingu á að njóta þeirra hlunninda, er samningur þessi veitir, en það eiga þau skip, sem smæðar vegna, eða af öðrum sjerstökum ástæðum kunna að vera undanþegin almennu eftirliti samkvæmt löggjöf heimalandsins, og sem eingöngu þessvegna hafa ekki slík skjöl meðferðis.

## 5. gr.

Samningsríkin ætla sjer, hvert um sig, að gjöra sjer far um að auka og efla þá samvinnu, er lýtur að löggjöf um eftirlit með haffæri skipa og um öryggi lífi manna á sjó, og munu í þeim tilgangi:

- 1) ætíð tilkynna hinum öðrum undirskriftarlöndunum allar ákvarðanir á þessu sviði, sem gjörðar kunna að verða í hlutaðeigandi landi;
- 2) að svo miklu leyti sem ástæður leyfa, halda áfram samvinnunni um að undirbúa nýmæli;
- 3) að svo miklu leyti sem ástæður leyfa, undirbúa í sameiningu aðstöðu samningsríkjanna til annarar milliríkjälöggjafar um efni þau er í samningi þessum greinir.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið, er þess farið á leit við dönsku stjórnina, að hún vilji safna að sjer skýrslum þeim, og undirbúningsgögnum, er að þessu lúta, og leggja fyrir stjórnir samningsríkjanna.

## 6. gr.

Samning þenna skal gjöra í einu eintaki á íslensku, dönsku, finsku, norsku og sænsku, og eru það frumtextar, allir, en samninginn skal geyma í skjalasafni utanríkisráðuneytisins danska.

Danska stjórnin sendir stjórnnum samningsríkjanna staðfest endurrit.

## 7. gr.

Samning þenna á að fullgilda og geyma síðan fullgildingarskjölin í skjalasafni danska utanríkisráðuneytisins, og eiga þau að vera þangað komin í síðasta lagi 1. júlí 1926.

Danska stjórnin tilkynnir hinum samningsríkjunum þegar fullgildingarskjölin eru komin í geymslu.

Nú er eitthvert samningsríkjanna, sem fullgildir ekki samninginn og heldur hann þó framvegis gildi sínu gagnvart þeim ríkjum, sem hann hafa fullgilt.

## 8. gr.

Önnur ríki geta gengið að samning þessum, ef laga ákvæði þeirra og stjórnarráðstafanir gjöra því nægilega skil, sem ber að krefjast til að trygt sje eftirlitið með haffæri skipa. Ósk um að ganga að samningnum skal senda dönsku stjórninni, sem þegar tilkynnir það hinum samningsríkjunum. Nú samþykkja

**59** öll þau ríki, sem að samningnum standa á þeim tíma, er óskín fram kemur, að 28. ágúst tekið sje við nýjum samningsaðila, og fer það þá fram á þann hátt, að undirskriftarskjal frá þeim aðila, er að samningnum gengur, er afhent danska utanríkisráðuneytinu til geymslu. Danska stjórnin á þá þegar að tilkynna öllum samningsríkjunum, er hún hefir tekið við undirskriftarskjalinu til geymslu.

#### 9. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar tvö ríki hafa fullgilt hann, og ber að telja gildi hans frá því er fullgildingarskjöl annars ríkisins í röðinni er lögð til geymslu í skjalasafn utanríkisráðuneytisins danska. Að því er til þeirra ríkja kemur, er fullgilda hann síðar, gengur hann í gildi um leið og fullgildingarskjöl þeirra verða geymd.

Sjerhvert samningsríkjanna getur, hvenær sem er, sagt upp samningnum, en gjöra skal það skriflega til dönsku stjórnarinnar. Uppsögnin gildir þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því er danska stjórnin tók við henni. Danska stjórnin á að tilkynna uppsögnina hinum ríkjunum, er að samningnum standa.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það ríki, sem upp segir. Samningurinn gildir áfram fyrir hin ríkin, sem hann hafa fullgilt, að honum hafa gengið, eða kunna að ganga.

#### 10. gr.

Samningsríkin geta, hvenær sem er, fyrir milligöngu sendisveita sinna bætt inn í samning þenna þeim umbótum, sem þau verða ásátt um og æskilegar eða nauðsynlegar þykja.

Þessu til staðfestu hafa þeir, sem veitt var umboð, sett nöfn sín og innsigli undir samning þenna.

Samín í einu eintaki í Kaupmannahöfn á íslenskri, danskri, finskri, norskri og sænskri tungu, þann 28. janúar 1926.

*Jon Krabbe.*

(L. S.).

*C. Moltke.*

(L. S.).

*Eduard Hj. Palín.*

(L. S.).

*Emil Huitfeldt.*

(L. S.).

*Joachim Beck-Friis.*

(L. S.).

Þetta er hjermeð gjört almenningi kunnugt.

*Reykjavík, 28. ágúst 1926.*

Í fjarveru forsætisráðherra.

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*